

## AUGLÝSING um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi sem hér segir:

### *Bjargslundur 6 og 8.*

Breytingin felur í sér að í stað tveggja einbýlishúsaloða verði á lóðunum heimilt að byggja parhús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr. Heildarstærð á hvoru húsi verði allt að 360 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall breytist úr 0,21 í 0,25 fyrir Bjargslund 6 og úr 0,24 í 0,29 fyrir Bjargslund 8. Aðkoma verður á efri hæð og hámarkshæð þaks yfir kóta aðkomuhæðar er 4 m.

### *Skarhólabraut að Desjamýri.*

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er gerð breyting á skipulagsmörkum til að aðlaga deiliskipulagið nýju deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Felldur er út sá hluti deiliskipulags sem næstur er hringtorgi við Vesturlandsveg.

### *Hulduhólasvæði.*

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er gerð breyting á skipulagsmörkum til að aðlaga deiliskipulagið nýju deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Felldur er út sá hluti deiliskipulags sem næstur er Vesturlandsvegi.

### *Miðbær Mosfellsbæjar.*

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er gerð breyting á skipulagsmörkum til að aðlaga deiliskipulagið nýju deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Felldur er út sá hluti deiliskipulags sem næstur er Vesturlandsvegi.

### *Miðbær Mosfellsbæjar sunnan gamla Vesturlandsvegar.*

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Vesturlandsveg er gerð breyting á skipulagsmörkum til að aðlaga deiliskipulagið nýju deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Felldur er út sá hluti deiliskipulags sem næstur er Vesturlandsvegi.

### *Helgadalsvegur 3, 5 og 7.*

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal breytist afmörkun deiliskipulags Helgadalsvegar 3, 5 og 7. Afmörkun deiliskipulagsins til norðurs er breytt og fylgir suðurmörkum deiliskipulags Þingvallavegar.

Ofangreindar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 3. júní 2019,*

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.